



Borgarráð

Leiruvegur 2 - samkomulag um uppgjör vegna villu í skráningu.

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti meðfylgjandi samkomulag um uppgjör á kostnaði vegna skráningar veiðiréttar Reykjavíkurborgar í Leirvogsa.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg festi kaup á tveimur landspildum við Leirvogsa ásamt veiðrétti í ánni. Við kaupin láðist að leiðréttu arðskrá til samræmis við kaupin á veiðiréttinum sem leiddi til þess að gjöld vegna veiðiréttarins lögðust á eigendur lögbýlisins við Leiruvegi 2 (áður Fitjakot). Meðfylgjandi samkomulag felur í sér endurgreiðslu á þeim kostnaði sem af þessu hefur hlotist. Reykjavíkurborg hefur fengið arð af veiðirétti.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag dags. 10. apríl 2019.

Samkomulag

vegna greiðslu fasteignagjalda af lögbýlinu Leiruvegur 2, með fasteignanúmerið 208-5206.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu við Tjörnina vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, Reykjavík og eftirtaldir eigendur lögbýlisins Leiruvegur, 2 með fasteignanúmerið 208-5206: Dánarbú Svölu Árnadóttur, kt. 011239-3669, sem lést 29. september 2017 og erfingjar hennar, Bjarki Snær Ólafsson kt. 030296-2499, Guðný Kristinsdóttir kt. 250781-5989, Finnur Yngvi Kristinsson kt. 280279-3159, Ólafur Aðalsteinn Hannesson kt. 280559-4669 og Kristinn Hannesson kt. 290157-3239;

gera með sér svofellt samkomulag:

1. gr.

Reykjavíkurborg greiðir kr. 632.791 inn á fjárvörslureikning Markarinnar, nr. 515-26-400062, kt. 671291-3289, 7 virkum dögum eftir samþykki borgarráðs.

Ragnar H. Hall hrl. er með umboð til þess að rita undir samkomulag þetta f.h. ofangreindra viðsemjenda Reykjavíkurborgar.

Endurgreiðsla kemur til af því að arðskrá fyrir veiðréttinn í Leirvogsa hefur ekki verið leiðrétt í samræmi eignarhald Reykjavíkurborg og hafa eigendur Leiruvegar 2, því með röngu orðið fyrir kostnaði vegna þess.

2. gr.

Eigendur Leiruvegar 2, með fasteignanúmerið 208-5206, lýsa því yfir að:

- i) þau gera ekki kröfu vegna afsals á veiðrétti til Reykjavíkurborgar hvorki samkvæmt afsali til Reykjavíkurborgar dags. 1. mars 2002 eða heimildarskjali afsalsgjafa dagsettu 1. ágúst 1986.
- ii) á lögbýlinu Leiruvegi 2 var ekki stundaður landbúnaður (búskapur) þegar veiðirétturinn var skilinn frá landinu af fyrri eiganda og á því ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungaveiði ekki við um afsalið, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 169/2017.
- iii) að þeir eigi engar kröfur á hendur Reykjavíkurborg eða fyrri eigendur veiðiréttarins vegna sölu nefnds veiðiréttar frá landareigninni.

3. gr.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að lagfæra arðskrá fyrir Leirvogsa vegna veiðiréttarins á næsta aðalfundi veiðifélagsins. Reykjavíkurborg lýsir því yfir að hún ber ábyrgð á greiðslu fasteignagjalda fyrir veiðiréttinn þar til formleg breyting á skráningu undir fasteign Reykjavíkurborgar hefur átt sér með leiðréttri arðskrá.



Sky. umboði eigenda Leiruvegs 2




f.h. Reykjavíkurborgar

vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



Reykjavík 10. apríl 2019

Vottar að rétttri undirskrift,
hæfi og dagsetningu



kt. 080563-4619

kt.